

5

## Umhverfisskýrsla 2004



VEGAGERÐIN

## Flokkun gagna innan Vegagerðarinnar

Flokkur	Efnissvið	Einkenni (litur)
1	Lög, reglugerðir og önnur fyrirmæli stjórnvalda.	Svartur
2	Stjórnunarleg fyrirmæli, skipurit, verkaskipting og númeraðar orðsendingar.	Gulur
3	Staðlar, almennar verklýsingar og sérskilmálar.	Rauður
4	Handbækur og leiðbeiningar.	Grænn
5	<b>Greinargerðir, álitsgerðir, skýrslur og yfirlit.</b>	<b>Blár</b>
Ú	Útboðslýsingar.	

Útgefandi: Vegagerðin  
Borgartúni 5-7  
IS-105 REYKJAVÍK  
Sími: 522 1000  
Bréfsími: 522 1109

Ritstjórn: Matthildur Bára Stefánsdóttir  
Tölvupóstfang: mbs@vegag.is  
Forsíðumynd: Fossfjörður sunnan bíldudals.  
Ljósmynd Viktor Arnar Ingólfsson.  
Umbrot og umsjón: 2005 Vegagerðin JG  
Guðjón Ó

Pappír: Gprint 115 gr. Kápa: Gallery Art 250 gr.  
Letur: Times 10,6 punkta á 11,8 punkta fæti. Eurostile í fyrirsögnum.



## Umhverfisskýrsla 2004

Reykjavík júlí 2005

---

## Efnisyfirlit

	Bls.
Inngangur .....	3
Kafla 1. Starfsemi Vegagerðarinnar .....	5
Aðsetur Vegagerðarinnar .....	5
Starfsmenn .....	5
Starfsleyfi .....	5
Yfirstjórn .....	5
Kafla 2. Umhverfisstjórnunarkerfi Vegagerðarinnar .....	7
Umhverfisstefna Vegagerðarinnar 1997-2004 .....	7
Verklagsreglur .....	8
Aðföng .....	8
Reglur um skjöl og útgáfu .....	8
Kafla 3. Grænt bókhald 2004 .....	9
Bókhaldstímabil .....	9
Nýbyggingar .....	9
Umferð .....	9
Hráefna- og auðlindanotkun .....	12
Spilliefni .....	15
Úrgangur .....	17
Farartæki, olúafgreiðslubúnaður og varaafllstöðvar .....	17
Kafla 4. Umhverfisnefndir .....	18
Ráðgjafahópur um umhverfismál .....	18
Umhverfisnefndir .....	18
Kafla 5. Ársskýrslur umhverfisnefnda .....	20
Miðstöð .....	20
Norðvestursvæði .....	21
Norðaustursvæði .....	25
Suðursvæði .....	28
Kafla 6. Um árangur og framtíðarverkefni .....	30
Frágangur efnisnáma: Greinargerð jarðfræðideildar .....	30
Umhverfiskröfur í útboðsgögnum .....	31
Umhverfisviðurkenningar .....	31
Áningarstaðir .....	31
Aflagðar brýr .....	32
Mat á umhverfisáhrifum .....	32
Fylgiskjal 1. Námufrágangur .....	33
Tafla 1: Frágangur efnisnáma 2003, flokkað eftir umdæmum .....	33
Tafla 2: Frágangur efnisnáma 2004, flokkað eftir svæðum .....	35
Fylgiskjal 2. Aflagðar brýr .....	36
Fylgiskjal 3. Sjálfbær þróun .....	40

## Inngangur

Umhverfisskýrsla Vegagerðarinnar er nú gefin út í sjötta sinn frá árinu 1998. Skýrslan uppfyllir, eftir því sem unnt er, kröfur sem gerðar eru um skjöl og útgáfu af gildandi stöðlum um umhverfiskerfi.

Í skýrslunni er stuttlega gerð grein fyrir starfsemi Vegagerðarinnar. Umhverfisstjórnunarkerfi hennar er birt í heild. Það hefur verið óbreytt frá árinu 1997 en er nú í endurskoðun. Umhverfisstærðum Vegagerðarinnar eru gerð skil í grænu bókhaldi. Greint er frá skipan umhverfisnefnda og störfum þeirra á árinu. Þá er fjallað um umhverfisverkefni sem tekist hafa vel og verkefni nánustu framtíðar.

Útgáfa umhverfisskýrslu féll niður á síðasta ári. Ástæðan er sú að Guðmundur Arason forstöðumaður umhverfis- og skipulagssviðs lét af störfum fyrir aldurs sakir þann 1. júlí 2003. Ekki var ráðinn starfsmaður í hans stað fyrr en 1. október 2004 þegar Matthildur B. Stefánsdóttir var ráðin deildarstjóri umhverfis- og skipulagsmála. Helstu umhverfisstærðum ársins voru þó gerð skil í skýrslu ráðherra um framkvæmd vegáætlunar. Umhverfisskýrsla þessi gerir því að einhverju leyti skil á störfum ársins 2003, t.d. varðandi námufrágang og umhverfisviðurkenningar.

Þann 1. mars 2004 urðu breytingar á skipuriti Vegagerðarinnar sem hafa nokkur áhrif á umhverfiskerfið. Umhverfis- og skipulagssvið var fellt niður og málaflókkurinn „umhverfis- og skipulagsmál“ færður inn í áætlana- og umhverfisdeild þróunarsviðs. Í stað skiptingar Vegagerðarinnar í 7 umdæmi (Suðurland, Reykjanes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland Vestra, Norðurland Eystra og Austurland) er landinu nú skipt í fjögur vegagerðarsvæði: Suðursvæði, Suðvestursvæði, Norðvestursvæði og Norðaustursvæði. Skipulagsbreytingarnar hafa ekki áhrif á starf umhverfisnefnda því þær munu starfa áfram í fyrrum umdæmum Vegagerðarinnar, nú svæðisstöðvum.

Markhópur skýrslunnar er fyrst og fremst starfsmenn og samstarfsaðilar Vegagerðarinnar. Þótt margt í henni gæti átt erindi út fyrir stofnunina er ekki gert ráð fyrir mikilli dreifingu út fyrir vegg hennar. Á haustdögum 2005 er hins vegar stefnt að útgáfu bæklinga um umhverfismál Vegagerðarinnar sem ætlað er að höfða til stærri markhóps.



Í Borgarfirði.



Áhaldahús Vegagerðarinnar á Vopnafirði.

## Kafli 1

# Starfsemi Vegagerðarinnar

Vegagerðin sér samfélaginu fyrir vegakerfi í samræmi við þarfir þess og veitir þjónustu sem miðar að greiðri og öruggri umferð. Við gerð vega og viðhald þeirra er lögð sérstök áhersla á að slys verði sem fæst á vegfarendum. Reynt er að taka sem mest tillit til óska vegfarenda og að sambúð vegar og umferðar við umhverfi og íbúa sé sem best. Sérstaklega er reynt að hafa mengun eins litla og hægt er og sýna náttúru og minjum tillitsemi.

Innan Vegagerðarinnar er áhersla á umhverfismál mikil. Vegagerðin hefur áætlaða- og umhverfisdeild sem framfylgir umhverfisstefnunni, hefur yfirlit á landsvísu um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, stýrir m.a umhverfisverkefnum og veitir umhverfisnefndum aðstoð og ráðgjöf, samræmir verklag, skráir umhverfisstærðir og fer með mengunarmál umferðar. Umhverfisnefndir eru í öllum landshlutum sem hafa eftirlit með framgangi umhverfismála á sínu svæði, eru til ráðgjafar og setja fram tillögur um aðgerðir. Vegagerðin styrkir mörg verkefni að umhverfismálum og samgönguáætlun 2003-2014 inniheldur stefnu um umhverfislega sjálfbærar samgöngur.

Vegagerðin hefur birt upplýsingar um helstu umhverfisstærðir í ársskýrslum allt frá árinu 1998. Í nóvember 2002 tók gildi reglugerð um grænt bókhald skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Vegagerðin fellur ekki undir ákvæði þeirrar reglugerðar en mun halda áfram að birta upplýsingar um þá þætti starfseminnar sem mest áhrif hafa á umhverfið með reglugerðina að leiðarljósi.

## Aðsetur Vegagerðarinnar

Vegagerðin hefur aðsetur á tuttugu stöðum. Miðstöð Vegagerðarinnar er staðsett í Reykjavík. Þá eru svæðisskrifstofur og stöðvar á sex stöðum utan Reykavíkur. Áhaldahús eru á tólf stöðum og birgðastöð í Reykjavík. Í miðstöð fer fram vinna við stefnumótun fyrir Vegagerðina og stjórnun hennar í heild. Svæði Vegagerðarinnar eru Suðursvæði, Suðvestursvæði, Norðvestursvæði og Norðaustursvæði. Hvert svæði annast framkvæmdir, viðhald og rekstur vegakerfisins og sér um að veita vegfarendum þjónustu innan svæðisins.

- Miðstöð í Reykjavík.
- Suðursvæði með svæðisskrifstofu og þjónustustöð á Selfossi og þjónustustöðvar á Höfn í Hornafirði og í Vík í Mýrdal.
- Suðvestursvæði með svæðisskrifstofu í Reykjavík og þjónustustöð í Hafnarfirði.
- Norðvestursvæði með svæðisskrifstofu í Borgarnesi, svæðisstöðvar á Ísafirði og Sauðárkróki, vélaverkstæði í Borgarnesi og á Ísafirði og þjónustustöðvar í Borgarnesi, Ólafsvík, Búðardal, Patreksfirði, Ísafirði, Hólmavík, Hvammstanga og Sauðárkróki.
- Norðaustursvæði með svæðisskrifstofu á Akureyri, svæðisstöð á Reyðarfirði, vélaverkstæði á Akureyri og Reyðarfirði en þjónustustöðvar á Akureyri, Húsavík, Þórshöfn, Vopnafirði, Fellabæ og Reyðarfirði.

## Starfsmenn

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 328 þann 1. janúar 2004 og í árslok 327. Í Reykjavík og á Reykjanesi störfuðu um áramótin 2003-04 111 starfsmenn en starfsmenn annarra umdæma voru 217. Þeir skiptust þannig að á Suðurlandi voru 32 starfsmenn, Vesturlandi 38, Vestfjörðum 38, Norðurlandi vestra 31, Norðurlandi eystra 44 og Austurlandi 34.

## Starfsleyfi

Vegagerðin er handhafi starfsleyfa skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, fyrir verkstæði og áhaldahús. Starfsleyfin eru gefin út af heilbrigðisnefndum viðkomandi sveitarfélaga. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsleyfum.

## Yfirstjórn

Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri  
Gunnar Gunnarsson, aðstoðarvegamálastjóri  
Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs  
Kristín H. Sigurbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs  
Rögnvaldur Jónsson, framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs



Ræsi í Urriðaá í Álftaneshreppi.

## Kafli 2

# Umhverfisstjórnunarkerfi Vegagerðarinnar

Umhverfisstjórnunarkerfi beinast að þörfum breiðs hóps hagsmunaaðila og vaxandi þörf þjóðfélagsins fyrir umhverfisvernd.

Umhverfisstefna Vegagerðarinnar tekur mið af ISO 14001:1996 umhverfisstaðlinum. Megintilgangurinn með þessum staðli er að stuðla að umhverfisvernd og mengunarvörnum í sátt við hagfélagslegar þarfir.

Umhverfisstefnunni er ætlað að leiða til bættrar frammistöðu Vegagerðarinnar í umhverfismálum. Umhverfisstefnuna þarf að endurskoða reglulega til að koma auga á tækifæri til umbóta og leiðir til að koma umbótunum á.


Velgengi umhverfisstefnunnar byggist á skuldbindingu starfsfólks á öllum starfssviðum Vegagerðarinnar, einkum þó yfirstjórnar. Kerfi af þessu tagi gerir stofnuninni kleift að koma á og meta árangur verklagsreglna um mörkun umhverfisstefnu og stefnumiða, einnig gerir það kleift að ná fram samræmi við umhverfisstefnuna og stefnumiðin og sýna öðrum fram á að slíkt samræmi hafi náðst. Til þess að ná stefnumiðum í umhverfis-

málum þarf umhverfisstjórnunarkerfið að vera hvatning til starfsmanna að hugleiða notkun bestu fáanlegu tækni, eins og við á og þar sem það er fjárhagslega raunhæft.

## Umhverfisstefna Vegagerðarinnar 1997-2004

Hornsteinn umhverfiskerfis Vegagerðarinnar er eftirfarandi yfirlýsing sem gefin var út í árslok 1997:

- Vegagerðin hefur ákveðið að fylgja eftir mótaðri stefnu á sviði umhverfismála.
- Við stjórnun umhverfismála skal taka mið af gildandi stöðlum um umhverfisstjórnunarkerfi (staðli ÍST EN ISO 14001:1996 forskrift að umhverfisstjórnunarkerfi ásamt leiðbeiningum og eftirfylgjandi stöðlum).
- Við stjórnun og rekstur Vegagerðarinnar skal taka eðlilegt tillit til umhverfis og þeirra áhrifa sem ákvarðanir og aðgerðir hafa á það.
- Koma skal á og viðhalda umhverfiskerfi sem byggir á virkri þátttöku allra starfsmanna.



Líkan að virkri umhverfisstjórnun.

- Vegagerðin vill að vegir verði sem eðlilegastur hluti af umhverfinu og að við gerð, viðhald og rekstur þeirra verði áhrif á umhverfið sem minnst.
- Vegagerðin vill stuðla að því að óæskilegum áhrifum frá umferð og ökutækjum verði haldið í lágmarki.
- Vegagerðin lítur á gott umhverfi vegfarenda sem mikilvægt markmið í umhverfisstefnunni.
- Vegagerðin vill vinna að því að gott starfsmannaumhverfi einkenni vinnustaði stofnunarinnar.

## Verklagsreglur

Deildarstjóri umhverfis- og skipulagsmála hefur yfirumsjón með framkvæmd umhverfisstefnu Vegagerðarinnar.

Yfirmenn svæðisstöðva hafa umsjón með framkvæmd stefnunnar hver í sínum landshluta (Suðurland, Reykjanes, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra og Austurland).

Í hverri svæðisstöð skal vera umhverfisnefnd skipuð 3 eða 5 starfsmönnum og skulu öll rekstrar-svæði eiga þar fulltrúa.

Svæðisstjóri, í samráði við yfirmann svæðisstöðvar, skipar umhverfisnefnd og skal hún vera honum til ráðuneytis í umhverfismálum. Nefndin skal einnig fylgjast með framgangi umhverfismála í umdæminu og gera skýrslur um hann. Hún skal miðla upplýsingum og taka á móti, meta og miðla ábendingum um úrbætur. Nefndin skal einnig hafa frumkvæði um tillögur varðandi aðgerðir á sviði umhverfismála og breytingar á markmiðum.

Í miðstöð skal vera hliðstæð umhverfisnefnd skipuð af deildarstjóra umhverfis- og skipulagsmála honum til ráðuneytis.

## Aðföng

Almennt verður litið á störf að umhverfismálum sem hluta af starfi starfsmanna og fellur því kostnaður af þeim á sömu fjárveitingaliði og önnur störf þeirra. Verði um að ræða fyrirsjáanleg útgjöld sem ekki verða tengd einstökum starfsmönnum eða almennum rekstri skal deildarstjóri umhverfis- og skipulagsmála leggja inn umsókn um fjárveitingu með sundurliðaðri kostnaðaráætlun fyrir yfirstjórn og fá samþykki fyrir henni áður en stofnað er til kostnaðar.

Yfirstjórn Vegagerðarinnar hefur ákveðið að umhverfiskerfið skuli taka til aðbúnaðar, hollustuhátta og öryggis á vinnustöðum þrátt fyrir ummæli í inngangi ÍST 14001. Þá hefur skráning umhverfisstærða, svokallað grænt bókhald, verið tekin inn sem þáttur í kerfinu.

## Reglur um skjöl og útgáfu

Gera skal árlega skýrslu um umhverfismál þar sem fram kemur:

- Umhverfismálastefna, stefnumið, markmið og framkvæmdaáætlun með þeim breytingum sem orðið hafa frá síðasta ári.
- Hlutverk og skyldur einstaklinga og hópa innan umhverfisstjórnunarkerfisins og tengsl eininga.
- Skipun nefnda.
- Listi yfir skjöl og breytingar á stjórnkerfisþáttum sem orðið hafa á árinu og snerta umhverfismál í fyrirtækinu.
- Skýrslur um störf einstakra nefnda.
- Heildarskýrsla um störf og árangur umhverfisstjórnunarkerfisins.

Skýrslan skal uppfylla staðlaðar kröfur til skjala um stjórnun umhverfismála (kafla 4.4.4.-5. í staðli ÍST EN ISO 14001:1996).

### *Endurskoðun umhverfiskerfisins*

Hafist var handa við endurskoðun á umhverfiskerfi Vegagerðarinnar í lok ársins. Nýtt umhverfiskerfi verður kynnt á árinu 2005.

## Kafli 3

# Grænt bókhald 2004



Hér er gerð grein fyrir helstu umhverfisstærðum í starfsemi Vegagerðarinnar. Grænt bókhald felst í því að rekstraraðilar starfsemi, þar sem hvað mest hættu er á mengun, vinni árlega efnisuppgjör fyrir starfsemina á svipaðan hátt og gert er með fjármuni fyrirtækja. Gerð skal grein fyrir streymi mengandi efna, orku og vatns, inn í starfsemina svo og alls streymis mengandi efna út úr henni hvort sem það er í formi frárennslis, útstreymis, úrgangs eða afurða. Þannig er, aðallega með tölulegum upplýsingum, gerð grein fyrir áhrifum viðkomandi starfsemi á umhverfið. Búast má við að slíkt efnisuppgjör ef svo má kalla, hafi áhrif á stjórnendur við val á aðföngum og starfsaðferðum og auki vitund starfsmanna sem og almennings um umhverfismál fyrirtækja og stofnana. Gert er ráð fyrir að grænt bókhald verði aðgengilegt almenningi en almennt er viðurkennt að vöktun almennings og miðlun upplýsinga sé hluti umhverfisverndar.

## Bókhaldstímabil

Tímabil fyrir grænt bókhald Vegagerðarinnar er reikningsárið.

## Nýbyggingar

### Lögn nýrra bundinna slitlaga

Á árinu 2004 var lagt bundið slitlag á tæplega 132 km af þjóðvegum sem áður voru með malarslitlagi. Árlegur akstur á þessum vegaköflum er um 8,0 millj. km.

Akstur á bundnu slitlagi leiðir til minni eldsneytisnotkunar og er lagning bundins slitlags því ein af þeim aðgerðum sem dregur úr losun koltvísýrings, CO<sub>2</sub>, frá umferð. Eldsneytissparnaður vegna þeirra slitlaga sem lögð voru á árinu er um 155 þús. lítrar á ári og má þá reikna með minnkun á losun CO<sub>2</sub> um 360 tonn á ári.


## Umferð


### Losun á CO<sub>2</sub> frá umferð á vegum

Losun á CO<sub>2</sub> frá umferð má reikna út frá mældri og áætlaðri notkun á eldsneyti. Sala á bensíni er skattstofn og heimildir um selt magn teljast því áreiðanlegar. Sala á díselolíu hefur verið áætluð m.a. út frá mældum og áætluðum akstri. Losun árið 2004 er metin miðað við bráðabirgðatölur um bensínnotkun og áætlaða notkun á díselolíu.

Þróun í losun CO<sub>2</sub> frá bifreiðum frá árinu 1990 má lesa af línuritunum. Aukning frá 2003 er um 11 þús. tonn, þar af 7 þúsund tonn frá bensínbílum og 4 þúsund tonn frá dísilbílum.

Losun CO<sub>2</sub> frá umferð á vegum



Hlutfallsleg aukning á losun CO<sub>2</sub> frá umferð á vegum frá árinu 1990


## Rykmengun

Loftmengun hefur fylgt þróun bílaumferðar. Í dag á meira en annar hver Íslendingur bíl en 65% af öllum bílum á Íslandi eru skráðir í Reykjavík og nágrenni. Umferð í Reykjavík er mikil bæði á umferðaræðum og á verslunargötum. Á dögum sem svifryk hefur farið yfir viðmiðunarmörk er aðallega um að ræða malbik sem nagladekk spæna upp á veturna en um 64% af svifryksmengun í Reykjavík kemur til vegna umferðar.

Svifryksmengun er í dag talin ein af helstu orsökum heilbrigðisvandamála sem rekja má til mengunar í borgum. Viðmiðunarmörk segja til um hve mikill styrkur svifryks má vera í andrúmslofti. Á árinu 2005 munu heilsuverndarmörkin lækka úr 50 µg/m<sup>3</sup> í 40 µg/m<sup>3</sup> samkvæmt reglugerð nr. 521/2002.<sup>1</sup> Fyrirsjáanlegt er að svifryk muni í auknum mæli fara yfir sett viðmiðunarmörk þó það aukist ekki að magni.

Ísland hefur þá sérstöðu að hér eru nokkuð margar uppsprettur fyrir svifryk. Fyrst má telja umferðarmengun svo sem útblástur, malbik, bremsuborða og salt af götum og síðan náttúrulegar uppsprettur svo sem jarðveg, sand og sjávarrok.

Á árunum 2001-2003 var unnin rannsókn á Iðntæknistofnun Íslands um samsetningu svifryksmengunar í Reykjavík. Verkefnið var m.a. styrkt af Vegagerðinni. Niðurstöðurnar voru birtar í skýrslunni „Method for determining the composition of airborne particle pollution“ sem var gefin út af Iðntæknistofnun árið 2003.

Mæld voru bæði sumar- og vetrarsýni en það virtust vera ákveðnir þættir í sumarsýnum sem ekki mátti rekja til uppsprettanna. Hugsanlegt er að frjókorn og gró mælist í svifrykssýnum að sumarlagi en stærð þeirra er sambærileg við svifrykið.

Samsetning svifryksins í vetrarsýnum reyndist vera malbik 55%, jarðvegur 25%, sót 7%, salt 11% og bremsuborðar um 2%. Niðurstöður sýndu einnig að vegryk er ríkjandi á þurrum dögum meðan sót og salt er meira áberandi þegar úrkoma er eða snjór á jörðu.

Stöðugar mælingar á svifryki fara fram í Reykjavík. Loftgæðamælingar við Grensásveg og í Laugardalnum eru samstarfsverkefni Umhverfissviðs Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar. Reykjavíkurborg rekur einnig litla færanlega mælistöð.

Umhverfisstofnun hefur einnig gert mælingar á Akranesi, á Alviðru við Ingólfsfjall og við Mývatn, en magn svifryks mældist þar ætíð langt undir viðmiðunarmörkum. Þá hefur svifryk einnig verið mælt í nágrenni álveranna í Straumsvík og á Grundartanga.

Umhverfisráðherra skipaði starfshóp um rykmengun á höfuðborgarsvæðinu þann 13. nóvember 2001. Í hópnum situr m.a. fulltrúi frá Vegagerðinni sem skipaður var af samgönguráðuneytinu. Starfshópnum var falið að fara yfir stöðuna og gera tillögur um aðgerðir til að draga úr rykmengun vegna aukinnar umferðar á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaðna hópsins er að vænta á árinu 2005.

1 Um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings Sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## Ökuhraði

Vegagerðin hefur á undanfönum árum fylgst með ökuhraða á nokkrum vegarköflum.

Mældur er hraði fólksbíla í km/klst. þar sem akstur er óþvingaður af annarri umferð. Reiknaður er meðalhraði allra bíla og „85% hraði“ sem er sá hraði sem 85% ökumanna halda sig innan.

Árið 1999 var þessum köflum fjölgað nokkuð og frá árinu 2000 hefur verið tekin saman skýrsla um hraðamælingar.


Meðfylgjandi línurit sýnir þróun ökuhraða á þjóðvegum á tímabilinu 1990-2004. Engar mælingar fóru fram árin 1994 og 1995 og mjög fáar árið 1997 og er þeim árum því sleppt. Sjá má að ökuhraði hefur aukist talsvert á tímabilinu.

Fyrir tæpum fjórum árum hófst uppsetning á umferðargreinum við vegi. Á þeim tíma hafa verið settir upp 29 greinar af þremur gerðum. Einfaldasti greinirinn telur fjölda- og stefnu bíla, mælir hraða og bil milli bíla og flokkar bíla í fjóra stærðarflokka. Þessi greinir er aðallega notaður í þéttbýli og á þeim stöðum þar sem minni kröfur eru gerðar til stærðarflokkunar á bílum. Milligerðin telur að auki fjölda öxla, bil á milli öxla og stærðarflokkar bíla í 13 flokka. Greinar af þessari gerð eru á þeim stöðum þar sem mikilvægt er að stærðarflokka umferðina og telja fjölda öxla undir stærri bílum. Í flóknustu gerðinni bætist vigtun á hverjum öxli við (WIM). Einn greinir af þessari gerð er við Esjumela á Kjalarnesi.

Umferðargreinarnir skila miklu magni af tölfræðilegum gögnum um umferðina, hver á sínum stað. Þeir eru mjög góðir til að fylgjast með umferðinni, hraða og bili milli bíla. Það er fyrst og fremst gert vegna öryggissjónarmiða. Auk þess er unnið að því að greina þyngd farartækja og með samanburði á stærðarflokkun bifreiða að greina þungaálag á vegakerfinu. Þetta er mikilvægt vegna aukins umferðarþunga og hraðara niðurbrots á vegum.

Á árinu 2004 voru settir upp þrjár nýir umferðargreinar. Við Ólafsfjarðarveg, í Lóni við Jökulsá og við Suðurlandsveg við Árborg.

Þróun hraða á þjóðvegum 1990 - 2004



## Hráefna- og auðlindanotkun

### Landmótun


Í eftirfarandi töflu koma fram tölur um tilfærslu jarðefna og landmótun í vegagerð árið 2004. Þær eru teknar saman á svæðisskrifstofum Vegagerðarinnar og byggja að mestu á útboðsgögnum en sá hluti telst nokkuð ábyggilegur. Nokkur ónákvæmni gæti í sumum tilfellum stafað frá skiptingu milli ára í stærri verkum.


Þar sem Vegagerðin kaupir jarðefni af handhöfum námuréttar, er frágangur á námum ekki skráður. Þetta á einkum við í Reykjanesumdæmi.

Landmótun 2004							
Svæði	Færsla jarðefna þús. m <sup>3</sup>			Mótun yfirborðs þús. m <sup>2</sup>			
	Fyllingar	Burðarlög	Slitlög	Óraskað land		Raskað land	
				Vegir	Námur	Vegir	Námur
Suðursvæði	179	182	45	0	0	288	4
Suðvestursvæði	900 <sup>1)</sup>	12	21	0	0	473	5
Norðvestursvæði	1.001	374	81	412	191	609	221
Norðaustursvæði	1.397	500	129	537	285	924	226
<b>Alls:</b>	<b>3.477</b>	<b>1.168</b>	<b>276</b>	<b>948</b>	<b>476</b>	<b>2.294</b>	<b>456</b>

1) Að meðtöldum fláaflegum og hljóðmönnum.

Súluritín hér á eftir sýna notkun jarðefna við landmótun í vegagerð á undanförunum sex árum.





Óvenju mikil vegalagning var á áður óröskuðu landi á árinu miðað við næstu fimm ár á undan. Vega þar þyngst þrjár stórar framkvæmdir: Vegaskarð-Langidalur á NA-svæði (vegir 250 þús. m<sup>2</sup> og námur 98 þús. m<sup>2</sup>), Þverárfjallsvegur (vegir 192 þús. m<sup>2</sup> og námur 40 þús. m<sup>2</sup>) og Kolgrafarfjörður (vegir 133 þús. m<sup>2</sup> og námur 123 þús. m<sup>2</sup>) á NV-svæði.


## Orku- og vatnsnotkun

Upplýsingar um orku- og heitavatnsnotkun árið 2004 eru fengnar frá orkuveitum landsins og koma fram í eftirfarandi töflu. Upplýsingarnar eru tengdar við staði og verða ekki auðveldlega losaðar úr þeim tengslum þar sem raforka er mæld í kWst. samkvæmt mismunandi samningum milli staða og heitt vatn er mælt í tonnum með mismunandi hitastigi milli staða. Til samanburðar milli ára á einstökum stöðum eru tölurnar þó í fullu gildi.

Staður	Rafmagn Alm.notkun kWh	Rafmagns-hitun kWh	Heitt vatn Tonn
Borgartún 5	294.968		
Borgartún 7, 2/4 hæð	72.764		
Borgartún 5, skrifst.			1.708
Borgartún 5, austur			12.362
Borgartún 5, verkst.			3.899
Hringhella Hafnarfirði	35.540		vantar
Vigtarskúr Kjalarnesi	7.600		
Skemma Hveradölum	6.638		
Áhaldahús Vík, Mýrdal	17.420	94.512	
Áhaldahús Hvolsvelli	5.155		810
Áhaldahús Selfossi	65.013		9.871
Áhaldahús Borgarnesi	125.878		7.621
Áhaldahús Ólafsvík	20.826	47.349	
Áhaldahús Búðardal	15.259	49.242	
Áhaldahús Patreksfirði	16.082	99.702	5.259
Áhaldahús Ísafirði	106.967	266.480	
Áhaldahús Hólmavík	49.370	70.508	
Áhaldahús Hvammstanga	51.117		4.733
Áhaldahús Sauðárkróki	89.851		7.919
Áhaldahús Akureyri	96.720		6.706
Áhaldahús Húsavík	35.058		4.720
Áhaldahús Þórshöfn	20.212	109.915	
Áhaldahús Vopnafirði	10.650	87.033	
Áhaldahús Fellabæ	31.912		2.718
Áhaldahús Reyðarfirði	88.195	262.522	
Áhaldahús Höfn, Hornaf.	45.351	99.197	
<b>Samtals:</b>	<b>1.308.546</b>	<b>1.186.460</b>	<b>68.326</b>

Á súluritinu hér á eftir sést þróun í almennri raforkunotkun á síðustu árum.

### Raforkunotkun 1999-2004



## Notkun pappírs á skrifstofum

Innkaup á ljósrítunar- og tölvupappír eru skráð í bókhaldi en birgðastaða er ekki skráð og getur því mismunandi birgðastaða skekkt nokkuð niðurstöðu um ársnotkun. Á allra síðustu árum hefur notkunin staðið í stað, en innkaup síðustu ára hafa verið eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Innkaup ársins 2004 voru áætluð óbreytt frá árinu 2003.


Ár	Þúsundir A4 blaða
1996	1.000
1997	1.000
1998	1.000
1999	1.000
2000	1.200
2001	1.200
2002	1.200
2003	1.200
2004	1.200

## Spilliefni

### Notkun spilliefna í nýbyggingum og viðhaldi vega

Birgðadeild og framkvæmdadeild taka árlega saman magntölur fyrir notkun á „white-spirit“ og aminum í slitlög og styrkingar. Þunnbik er bik (asfalt) með um 10% „white-spirit“ eða mineralskri terpentínu. Þunnbik er notað í klæðingar á þjóðvegum. Heildarnotkun af þunnbiki og hlutfall „white-spirit“ í þunnbiki má sjá á meðfylgjandi grafi. Þetta hlutfall hefur farið lækkandi og er það árangur rannsókna og þróunar síðustu ára. Á árinu 2004 voru notuð 120 tonn af aminum og 35 tonn af „Wetfix“ viðloðunarefni.


Heildarnotkun þunnbiks og hlutfall white spirit í þunnbiki



## Spilliefni í vegmálningu

Á árinu 2004 voru 1.861 km merktir með vatnsmálningu, 1.964 km með plastspray, samtals 3.825 km en voru alls 3.306 km á árinu 2003. Aukning á milli ára var því um 15%. Merktir voru 2.881 km í miðlínu og 943 km í kantlínu. Vatnsmálningin inniheldur engin leysiefni og voru notaðir um 100.000 lítrar af henni á árinu. Hlutfall vegkafla merktra með málningu er það sama og árið 2003, 49%. Gerðar voru prófanir með íslenska vatnsmálningu sumarið 2004 og er von á áfangaskýrslu. Skipt var um málningarefni 2004 en undanfarin ár hefur verið notuð leysiefnamálning frá Málningu og Slippfélaginu. Nú var farið í vatnsmálningu, Merkalin AQ6010 frá Geveko. Reyndist hún mjög vel, þurrktíminn er stuttur og hún þekur vel yfirborðið. Þessi málning verður notuð á næsta ári. Nú er svo komið að vatnsmálningin er orðin ódýrari og að fullu samkeppnisfær við leysiefnamálningu og á Vegagerðin ekki von á að notuð verði leysiefnamálning á íslenska vegi í framtíðinni þar sem gerð verður krafa um að notuð verði vatnsmálning í næsta útboði.

Notkun vegmálningar 1999-2004



## Þvottur á vegstikum og skiltum

Notkun tjöruhreinsis við hreinsun á vegstikum nam u.þ.b. 200 l árið 2004. Þá voru einnig notaðir 25 l af sápuþvotti.

## Úrgangur

### Rafeindatæki

Upplýsingatæknideild ráðstafaði til endurnýtingar eða kom til viðtaka til förgunar 28 PC-vélum, 37 tölvuskjám og 7 prenturum.



### Pappír

Gæðapappír og dagblaðapappír er safnað saman og komið til endurvinnslu.

### Húsgögn og annar búnaður

Nothæfum hlutum er safnað saman af rekstrardeild og ráðstafað til endurnýtingar.

## Farartæki, olíuafgreiðslubúnaður og varaafstöðvar

Vegagerðin átti 136 bifreiðar og 106 vinnuvélar í lok ársins.

Olíuafgreiðslubúnaður er á eftirtöldum stöðum (1 á hverjum stað): Vík í Mýrdal, Borgarnesi, Búðardal, Patreksfirði, Ísafirði, Hólmavík, Sauðárkróki, Akureyri og Vopnafirði. Einnig eru vinnuflokkar í Vík og á Hvammstanga með olíuafgreiðslubúnað.

Varaafstöðvar eru á eftirtöldum stöðum (1 á hverjum stað): Borgarnesi, Ísafirði, Hvammstanga, Sauðárkróki, Akureyri og Reyðarfirði.



Klettsháls.

## Kafli 4

# Umhverfisnefndir

## Ráðgjafahópur um umhverfismál

Á fundi yfirstjórnar 4. mars 2002 var skipað í ráðgjafahóp um umhverfismál til fjögurra ára. Í hópinn voru skipuð:

Ásdís E. Guðmundsdóttir deildarstjóri, Einar Pálsson deildarstjóri, Helgi Jóhannesson deildarstjóri, Hreinn Haraldsson framkvæmdastjóri og Magnús Valur Jóhannesson svæðisstjóri. Guðmundi Arasyni forstöðumanni var falið að kalla hópinn saman og stýra fundum hans.

Þegar Guðmundur lét af störfum vegna aldurs í júlí 2003 tók Hreinn að sér að kalla hópinn saman og stýra fundum. Nefndin hélt einn fund á árinu 2004, þann 20. apríl.

Matthildur B. Stefánsdóttir var ráðin deildarstjóri umhverfis- og skipulagsmála í áætlana- og umhverfisdeild í október 2004, tók hún þá við stjórn hópsins.



## Umhverfisnefndir

Umhverfisnefndir vinna undir stjórn svæðisstjóra sem skipar þær í samráði við yfirmann svæðisstöðvar.

Í samræmi við verklagsreglur og reglur um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum hafa svæðisstjórar skipað umhverfisnefndir og öryggisverði eins og greint er hér á eftir:

### Suðurland

Erlingur Freyr Jensson deildarstjóri Selfossi, formaður  
Guðmundur I. Guðjónsson eftirlitsmaður Selfossi, öryggisvörður  
Gylfi Júlíusson rekstrarstjóri Vík

### Reykjanes og Reykjavík

Jón Valgeir Sveinsson tæknifræðingur Reykjanesi, formaður og öryggisvörður  
Ásbjörn Ólafsson deildarstjóri þjónustudeild, öryggisvörður  
Guðrún Þóra Garðarsdóttir deildarstjóri brúadeild, öryggisvörður  
Kristín Sigurðardóttir fulltrúi Reykjanesi  
Þráinn Ómar Svansson verkstjóri Reykjanesi

### Vesturland

Auðunn Hálfðanarson deildarstjóri Borgarnesi, formaður og öryggisvörður  
Guðjón H. Björnsson flokksstjóri Ólafsvík  
Guðmundur I. Waage eftirlitsmaður Borgarnesi  
Sæmundur Jóhannsson flokksstjóri Búðardal  
Valgeir Ingólfsson verkstjóri Borgarnesi

### Vestfirðir

Jón Baldvin Hólmar Jóhannesson verkstjóri Ísafirði, formaður  
Margrét Högnadóttir skrifstofustjóri Ísafirði, öryggisvörður  
Guðbrandur Ásgeir Sigurgeirsson vélamaður Hólmavík  
Halldór Ólafur Þórðarson flokksstjóri Patreksfirði  
Sigurður B. Ástvaldsson flokksstjóri vélaverkstæði Ísafirði

### Norðurland vestra

Ásmundur J. Pálmason verkefnastjóri Sauðárkróki, formaður og öryggisvörður  
Erla Valgarðsdóttir skrifstofustjóri Sauðárkróki  
Trausti Björnsson vélamaður Hvammstanga

## Norðurland eystra

Rúnar Jónsson eftirlitsmaður framkvæmda Akureyri, formaður og öryggisvörður  
Kristinn Eiríkur Bóasson eftirlitsmaður Akureyri  
Kristján B. Bjarnason bifvélavirki Akureyri  
Björn Þórisson verkstjóri Þórshöfn  
Guðmundur K. Jóhannesson flokksstjóri Húsavík

## Austurland

Einar Friðbjörnsson yfirverkstjóri Vopnafirði, formaður  
Kristinn Ó. Briem skrifstofustjóri Reyðarfirði, öryggisvörður  
Ármann Ö. Magnússon vélamaður Fellabæ  
Reynir Gunnarsson rekstrarstjóri Höfn



## Kafli 5

# Ársskýrslur umhverfisnefnda

## Miðstöð

Ársskýrsla ráðgjafanefndar í miðstöð

### Fundir:

- Fundur nefndar í Miðstöð 20. apríl.  
Helstu umræðuefni á fundinum voru: Breytingar á stjórnskipan umhverfismála innan Vegagerðar á undanfögnu ári. Einnig var rætt um umhverfisskýrslu, rannsóknarverkefni, umhverfisviðurkenningar og áætlaðan fund formanna umhverfisnefnda og ráðgjafahóps í maí.
- Fundur formanna umhverfisnefnda og ráðgjafarhóps var haldinn á Suðurlandi þann 13. maí.  
Helstu mál rædd á fundinum voru: Breytingar á skipan umhverfismála en fram kom að skipulagsbreytingarnar myndu ekki hafa í för með sér breytingu á hlutverki landsbyggðar, formenn umhverfisnefnda fóru stuttlega yfir starf nefndanna á árinu, fjallað var um útgáfustarfsemi og viðurkenningar fyrir gerð og frágang mannvirkja. Eftir fundinn var vegurinn inn í Þórsmörk skoðaður.

### Umhverfisdagur 16. júní

Umhverfisdagur var sameiginlegur fyrir starfsmenn miðstöðvar í Borgartúni 7 og starfsmenn Suðvestur-svæðis í Borgartúni 5. Var farið út á Reykjanes og gerðar ráðstafanir til að hefta uppfok og fræi sáð. Umhverfisdeginu lauk með vel heppnaðri grillveislu.



Umhverfisdagur á Reykjanesi.

Norðvestursvæði

# Ársskýrsla umhverfisnefndar Vesturlands

## Fundir

Haldinn var fundur í umhverfisnefndinni 28. apríl 2002.

- Unnið er að gerð vistvega um Kleppjárnsreyki og Grundarfjörð sem hafa þau markmið að draga úr umferðarhraða og fegra umhverfi vega.
- Nefndin leggur áherslu á að haldið verði áfram að lagfæra vegnánd svipað og gert var á Hafnarmelum. Slíkt dregur úr slyshættu um leið og umhverfi vega er fegrað.
- Rætt var um að nú þegar þurfi að taka afstöðu til og hefja framkvæmdir til varðveislu á brúm á Bláskeggsá, brúm í ofanverðum Norðurárdal, Langárbrúar, Norðtungubrúar og víðar ellegar þá að fjarlægja þær sem eru orðnar hrörlegar.
- Nefndin bendir á að hugsanlega sé ástæða til að merkja, varðveita og segja sögu leiðis sem er í vegkanti við bæinn Búlandshöfða sem og hugsanlega fleiri atriða t.d. laxeldis.
- Nefndin leggur áherslu á að haldið verði áfram að gera huggulega áningarstaði með vegum landsins. Jafnframt haldi Vegagerðin þeim við og sjái til þess að þeir séu með nauðsynlegum búnaði og snyrtilegir.

## Umhverfisdagur 2. júní

Fyrir hádegi var að venju fenginn gestafyrirlesari sem að þessu sinni var Ómar Ragnarsson fréttamaður sem ræddi um hálendisvegi. Hann kom víða við í þeirri umfjöllun og sagði meðal annars að það væri ekki spurning um hvort heldur hvenær alvöru hálendisvegir yrðu að veruleika. Taldi hann að til að byrja með verði lagðir vegir um Kjöl og Sprengisand. Veg um Stórasand leist honum ekki á því svæðið norð-vestur af Eiríksjökli væri það versta veðravíti sem fyrirfyndist á Íslandi.

Eftir hádegi var farið í Sauðhúsaskóg. Þar sem ekki voru sérstök verkefni við viðhald á húsum eða grisjun fór stór hópur manna og kvenna í gönguferð og þeir duglegustu sem var nokkuð stór hópur gengu á Vikrafell sem er 534 m. há, gömul eldstöð milli Hreðavatns og Langavatns.



Úr gönguferð á Vikrafell. Torfær vatnsföll á leiðinni.

### Næstu verkefni:

- Umhverfisdagur verði áfram með svipuðu sniði, fræðslu í umhverfismálum, unnið í Sauðhúsaskógi við grisjun skógar og umhirðu húsa, verklegar æfingar í skyndihjálpi annað hvert ár. Umhverfisdegi lýkur með grilli og skemmtilegheitum og verður reynt að gera þetta að fjölskyldudegi Vegagerðarinnar.
- Haldið verði áfram að bæta vinnuástöðu og vinnustellingar starfsmanna.
- Unnið að bættri umhirðu tækja og að starfsmenn sýni ætíð snyrtimennsku. svo sem varðandi umhirðu tækja og fatnað.

*Borgarnesi,  
apríl 2005,  
Auðunn Hálfðanarson formaður.*



Jökulsárlón.



# Ársskýrsla umhverfisnefndar Vestfjarða

## Fundir

Fundað var þriðjudaginn 4. maí á Patreksfirði. Mættir voru Jón Baldvin Jóhannesson, Sigurður Ásvaldsson, Ásgeir Sigurgeirsson og gestur var Rúnar Bollason.

- Námufrágangur: Rætt var um skýrslu frá rannsóknadeild og einnig um ýmsar námur sem þyrfti að láta athuga.
- Ákveðið var að hafa tvo fundardaga á ári, síðasta fimmtudag í apríl og fyrsta fimmtudag í október.
- Rætt var um umhverfisdaginn og kom upp sú tillaga að unnið yrði að verkefni annarstaðar en á Ísafirði en undanfarin ár hefur verið unnið í lóð sumarbústaðarins í Tunguskógi.
- Rúnar sagði frá umhverfisátaki Vegagerðarinnar á Patreksfirði og að búið væri að taka lóðina alla í gegn, girða, helluleggja og tyrfa.
- Upp komu umræður um öryggisfulltrúa og tjáði Jón Baldvin fundarmönnum að hann væri öryggisfulltrúi, Ásgeir væri öryggisráðgjafi á Hólmavík og Sigurður á Ísafirði. Halldór hefði verið öryggisráðgjafi á Patreksfirði en þar sem hann væri hættur þyrfti að huga að öðrum þar.
- Rætt var um hvað félli undir umhverfisnefnd Vegagerðarinnar og kom í ljós að allt innan vegstæðis Vegagerðarinnar félli undir hana, annað væri á vegum viðkomandi bæjar- og sveitarfélaga.
- Þá var farið í skoðunarferð um húsnæði Vegagerðarinnar á Patreksfirði og lóð. Ekki var annað að sjá en allt væri í góðu lagi en benti Rúnar á að í hluta lóðarinnar vantaði drenlagn.
- Rætt var um mengun tengda Tjörükerru, tjörubirgðatönkum og white-sprit-tönkum.
- Að lokum var ekið um nágrenni Patreksfjarðar.

## Umhverfisdagur 3. júní

Umhverfisdagurinn var frábrugðin öðrum umhverfisdögum að því leyti að haldið var í Arnarfjörð að fossinum Dynjanda og unnið þar við göngustígagerð og lagfæringu á borði og bekkjum við tjaldsvæðið. Þennan dag var unnið gott og mikið starf við göngustíg sem liggur frá tjaldsvæðinu og upp að hæsta fossinum.

Síðan var grillað og borðað saman áður en haldið var heim. Var það samdóma álit starfsmanna að frábærlega hafi tekist til með þennan dag.

## Næstu verkefni:

Haldin verður umhverfisdagur áfram og einnig reynt að halda fastar utan um fundina. Umhverfisnefnd Vestfjarða telur að til þurfi að koma stefnumótun fyrir umhverfisnefndirnar sem leiddi til að allar umhverfisnefndir væru að vinna að svipuðum málefnum, þó eitthvað væri alltaf um ákveðin verkefni í héraði. Einnig þarf að huga að því að nú er búið að leggja niður gömlu umdæmin og spurning er hvernig það snýr að nefndunum.

Ísafjörður,  
16. mars 2005,  
Jón Baldvin Jóhannesson formaður.

# Ársskýrsla umhverfisnefndar Norðurlands vestra

## Fundir

Störf nefndarinnar lágu að mestu niðri sl. ár. Nefndin hélt einn óformlegan fund á árinu, í apríl á Sauðárkróki. Þar voru lagðar línur fyrir umhverfisdag sem var svo blásinn af. Formaður nefndarinnar fór á fund formanna umhverfisnefnda sem haldin var 13. maí.

## Umhverfisdagur

Vegna mikilla fundahalda hjá starfsmönnum var umhverfisdegi frestað til haustsins. Haustið var stutt og veturinn kom snögglega þannig að umhverfisdeginum var síðan frestað til næsta árs.

Stefnt er að umhverfisdegi annað hvort 20. eða 27. maí árið 2005 og vonandi mun það ganga eftir. Augljóst er að breyta þarf vinnulagi og áherslum hvað varðar umhverfisdag á Norðurlandi vestra.

## Verkefni nefndarinnar á árinu og næstu verkefni

Gengið var frá sex námum í umdæminu í sumar þar sem malartekju hefur verið hætt. Þessar námur eru: Víðmýrarselsnáma, Vindhælisnáma, Lónkotsnáma, Klaufabrekknanáma, náma D við Þverárfjallsveg og Harastaðanáma.

Stefnt er að áframhaldandi frágangi náma í umdæminu.

*Sauðárkróki  
9. maí 2005,  
Ásmundur J. Pálmason,  
Erla Valgarðsdóttir  
og Trausti Björnsson.*



Fremst í Eyjafirði.

Norðaustursvæði

# Ársskýrsla umhverfisnefndar Austurlands

## Fundir

Einn fundur var haldinn í nefndinni.

- Rætt var um tilnefningu verkefna til verðlauna fyrir verkvöndun og frágang verka við framkvæmdir.
- Farið var í vettvangskonunnun um Vopnafjörð, Bakkafjörð á Brekknaheiði og upp á Efra-Fjall. Fram kom að leggja þarf meiri áherslu á rif gamla girðinga. Viðhald á girðingum er ekki sem skyldi og spurning hvort ekki ætti að bjóða út viðhald þeirra.
- Fækka þarf ristarhlíðum eins og hægt er.
- Gamlar brýr sem ekki eru í notkun þyrfti að fjarlægja nema þær þjóni ákveðnum tilgangi. Annars vísað til fundargerðar 8. júní.

## Verkefni nefndarinnar á árinu og næstu verkefni

Á Vopnafirði var snyrt við áningarstaði, lúpínusláttur í vegköntum, snyrting lóðar við áhaldahús, hreinsun með vegum, einnig sáð í gamlar námur.

Á Héraði var unnið víða við lagfæringar á umhverfi vega og sprengdar ljótar klettanibbur í Fjarðarheiði. Á Hringvegi í Skriðdal voru lagfærðir og endursnyrtir vegkantar, jafnframt var haldið áfram frágangi gamla náma.

Á Reyðarfirði var aðallega unnið við grjóthreinsun, lagfæringar á vegöxlum og hreinsun vegsvæðis á Fagradal.

Á Hornafirði var haldið áfram frágangi lóðar við áhaldahús, endurbættar merkingar við athyglisverða staði, fjarlægðar gamlar brýr o.fl.



Umhverfisdagur. Vinnuferð suður í Lón við Kollumúla 9. júlí 2004.

## Umhverfisdagur 9. júlí

Þátttakendur komu saman við Esso-skálann á Egilsstöðum og þaðan var haldið suður að Jökulsá í Lóni þar sem verið var að leggja síðustu hönd á smíði göngubrúar yfir Jökulsána við Kollumúla.

Aðalverkið var að taka til á svæðinu eftir vélar og menn. Lagaðir voru göngustígar en talsvert þurfti að klippa burtu af dauðum greinum eftir rask dráttarvélar. Gengu menn rösklega til verks eins og venja er hjá Vegagerðinni. Að lokum var sáð grasfræi á svæðið.

Að loknu dagsverki fóru nokkrir niður í Hraunkot að skoða þann sérstaka stað en aðrir fóru inn yfir Skyndidalsá að Sæluhúsi Ferðafélags Íslands.

*Vopnafirði.  
15. mars 2005,  
Einar Friðbjörnsson,  
Kristinn Briem,  
Ármann Magnússon  
og Reynir Gunnarsson.*



Umhverfisdagur í Lóni.



# Ársskýrsla umhverfisnefndar Norðurlands eystra

## Fundir

Nefndin hélt einn formlegan fund á árinu. Þar voru tekin fyrir ýmis mál m.a. námskeiðahald, athugasemdir og ábendingar frá stafsmönnum um ýmislegt sem betur má fara og þeim vísað áfram til úrlausnar, umhirðu og viðhald áningarstaða, reykingabann í húsum, bílum og tækjum Vegagerðarinnar og um rusl- og efnislosun í vegkanta.

Formaður nefndarinnar sat fund formanna umhverfisnefnda og ráðgjafahóps um umhverfismál sem haldin var 13. maí 2004 á Suðurlandi.

## Umhverfisdagur 11. júní

Umhverfisdagurinn skiptist í tvo hluta. Fyrri hlutinn var haldinn á Hótel Eddu Stórutjörnum. Þar hélt Hafdís Eygló Jónsdóttir jarðfræðingur fróðlegt erindi um jarðfræði svæðisins í víðum skilningi, um eldgos, bergmyndanir, framhlaup o.fl. Þá flutti Gunnar Garðarson frá Endurvinnslunni á Akureyri erindi um endurvinnslu og endurnýtingu á dagblaðapappír, öðrum pappír, mjólkurfernum, glerflöskum og áldósum. Hann talaði einnig um móttöku Endurvinnslunnar á spilliefnum.

Eftir hádegisverð var haldið að sumarhúsi Vegagerðarinnar í Þórðarstaðaskógi. Þar var unnið við ýmis verkefni, m.a. við að grísa skóg umhverfis sumarhúsið, lagfæra sólpall, gera göngustíg og bera viðarvörn á húsið. Vel heppnuðum degi lauk síðan með grillveislu. Alls mættu tæplega 40 manns á umhverfisdaginn og var almenn ánægja með framkvæmdina.

## Verkefni nefndarinnar á árinu og næstu verkefni

Nokkuð var unnið við lagfæringar og endurbætur á áhaldahúsum í umdæminu. Á vélaverkstæðinu á Akureyri var sett upp suga fyrir rafsuðu og byrjað að vinna að bættri þvottaaðstöðu tækja, aðstaða fyrir umferðareftirlitsmenn og vaktmenn endurnýjuð og skrifstofur málaðar. Á Húsavík var skipt um hurðir á verkstæði, skipt um loftklæðingu í kaffistofu og hún máluð. Á Þórshöfn voru gluggar endurnýjaðir á verkstæðinu og gólf hreinsuð og máluð.

Eins og undanfarin ár var starfandi í umdæminu flokkar ungmenna yfir sumartímam við ruslatínslu meðfram vegum, slátt á graseyjum og áningarstöðum, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

Haldið var áfram frágangi gamalla efnisnáma á árinu, á annan tug gamalla náma var lokað í Eyjafirði, Suður- og Norður Þingeyjarsýslum.

Haldið var áfram vinnu við áningarstað norðan Húsavíkur, á svokölluðum Gónhól. Gerður var nýr áningarstaður á Teigsbjargi á Tjörnesi, bílastæði á áningarstaðnum á Námaskarði var malbikað og á nokkrum öðrum áningarstöðum var um venjubundið viðhald að ræða, lagfæring á tréverki o.fl.

*Akureyri,  
mars 2005,  
Rúnar Jónsson formaður*

Suðursvæði

# Ársskýrsla umhverfisnefndar Suðursvæðis

## Fundir

Starf umhverfisnefndar á Suðurlandi var með daufara móti árið 2004 að því leyti að ekki voru haldnir neinir formlegir fundir hjá nefndinni, enda lágu ekki fyrir nein erindi eða mál sem hún hafði verið beðin um að taka á og fjalla um.

Þó svo að nefndarmenn hafi ekki að fundað formlega um umhverfismálin þá eru þau þeim ofarlega í huga og forgangsröð og hafa málin verið rædd manna á meðal. Þar má m.a. nefna umhverfi veganna en þörf er á því að gera átak í frágangi sumsstaðar meðfram vegum m.t.t. þess að auka öryggi þeirra, í tilfalli af útafakstri. Það mætti t.d. gera vegflána meira aflíðandi sem og laga umhverfi þeirra, slétta ójöfnur og fylla í ónauðsynlega skurði.

Í maí 2004 komu formenn umhverfisnefnda Vegagerðarinnar saman í Fljótshlíð ásamt nefndarmönnum á Suðursvæði, ráðgjafanefnd í Miðstöð og tveggja svæðisstjóra. Að loknum hefðbundnum fundi var haldið í Þórsmörk og skoðaðar vegaförum á leiðinni. Skiptar skoðanir eru meðal fólks hversu gott aðgengið eigi að vera að Þórsmörkinni. Hvort það sé hluti af umhverfisvernd að láta núverandi vegarslóða duga eða hvort byggja ætti upp veginn og jafnvel færa til með tilheyrandi landslagsbreytingum en meiri ferðaþægindum.

## Umhverfisdagur í júní

Að venju var haldinn umhverfisdagur í byrjun júní. Auk þess sem umhverfið í Reykjaskógi í Árnassýslu var fegrað þá skilaði gildi hans sér ekki síst í því að starfsumhverfið varð betra, þannig að gildi umhverfis dags er margþætt. Almenn ánægja er meðal starfsmanna með árlegan umhverfis dag. Sú hugmynd hefur komið fram að bjóða krafta starfsfólks Vegagerðarinnar á umhverfisdeginum í þágu landuppgræðslu- eða skógræktarsamtaka.

## Verkefni nefndarinnar á árinu og næstu verkefni

Að venju hefur verið gengið frá fjölda náma á Suðurlandi en betur má ef duga skal og þyrftu að koma til sérstakar fjárveitingar til þess þarfa verks. Samkvæmt nýútkominni skýrslu um langtímaáætlun um námafrágang þá eru verkefni næg sem framundan eru í þeim efnum. Þá hefur sl. ár verið gert átak í bættu umhverfi áhaldahúss Vegagerðarinnar á Selfossi. Planið var malbikað og þyrfti það einnig að gera í Vík.

Næstu verkefni eru að virkja nefndina betur og fá nánari skilgreiningu á hlutverki umhverfisnefnda og umboði þeirra. Þá væri rétt að skoða hvort þarna ættu ekki allir starfsmenn hvers svæðis að starfa einhvern tíma, t.d. með því að breyta nefndinni á hverju ári. Þetta gæti t.d. gerst þannig að í þriggja manna nefnd kæmi inn nýr maður á hverju ári sem síðan á sínu þriðja ári yrði formaður en færi eftir það úr nefndinni.

*Selfossi,  
mars 2005,  
Erlingur Jensson formaður.*



Lómagnúpur. Hringvegur við Brúará.

## Kafli 6

## Um árangur og framtíðarverkefni

Samgöngur hafa áhrif á flest svið þjóðlífsins. Uppbygging vega og annarra samgöngumannvirkja hefur áhrif á náttúruvernd og ústreymi frá samgöngutækjum veldur mengun og stuðlar að auknum gróðurhúsaáhrifum. Töluvert hefur verið gert til þess að reyna að innleiða sjónarmið sjálfbærrar þróunar við stjórn samgöngumála hér á landi. Í samgönguáætlun, sem samþykkt var á Alþingi árið 2002, eru sjálfbærar samgöngur eitt af fjórum höfuðmarkmiðum og tilgreint til hvaða aðgerða grípa eigi, til þess að ná þessu markmiði. Sérstaklega hefur verið skoðaður hlutur samgangna í ústreymi gróðurhúsalofttegunda og hugsanlegar leiðir til að draga úr því, s.s. með styttingu samgönguleiða og betri samgöngumannvirkjum og stjórnun umferðar.



Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar setur manninn og velferð hans í öndvegi, sem er breytt áhersla frá hefðbundinni náttúruverndarstefnu, þar sem hagsmunir náttúrunnar eru oft settir frammar hagsmunum mannsins. Áherslur Ríó-yfirlýsingarinnar og Dagskrár 21 á efnahagslega og félagslega þróun gera náttúruvernd þó ekki lægra undir höfði en fyrri stefnumörkun í umhverfismálum: Maðurinn er hluti af lífríkinu og náttúrunni og því er óhjákvæmilegt að stórfelld sköddun á vistkerfi jarðar muni að endingu hafa neikvæð áhrif á mannkynið. Virðing fyrir lífríkinu og náttúruminum er óaðskiljanlegur hluti sjálfbærrar þróunar.

### Frágangur efnisnáma: Greinargerð jarðfræðideildar

Í lögum um náttúruvernd (nr. 44/1999) er ákvæði um að efnistökusvæði skuli ekki standa ónotað og ófrágengið lengur en í þrjú ár og einnig ákvæði um frágang á eldri efnisnámaum sem ekki eru lengur í notkun.

Vegagerðin hefur verið í samstarfi við Umhverfisstofnun um frágang efnisnáma. Þetta samstarf hefur leitt til þess að árin 2000 - 2003 var gert átak í frágangi á eldri efnisnámaum og hefur verið gerð grein fyrir fráganginum í Umhverfisskýrslum Vegagerðarinnar. Eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar skoðar allar námur þegar gengið hefur verið frá þeim og ef frágangurinn er fullnægjandi að mati stofnunarinnar gefur hún út vottorð því til staðfestingar. Staða frágangs á námaum er skráð í námukerfi Vegagerðarinnar og vottun Umhverfisstofnunar einnig.

Yfirstjórn Vegagerðarinnar samþykkti á fundi 15. desember 2003 að gerð skuli langtímaáætlun um námufrágang og að stefnt skuli að því að vinna við fráganginn verði fjármögnuð á vegaaætlunarhluta samgönguáætlunar. Vorið 2004 var lokið vinnu við mat á því hversu margar ófrágengar námur falla undir ákvæði náttúruverndarlaganna um frágang og hversu margar námur eru á ábyrgð Vegagerðarinnar.

Í júní 2004 var gefin út langtímaáætlun fyrir árin 2004 - 2018 um frágang efnisnáma, sem Vegagerðin er hætt að nota. Áætlunin var gefin út í skýrslu sem er að finna á vefsíðu Vegagerðarinnar undir útgefing efnisnáma/umhverfismál. Í skýrslunni kemur fram að á landinu séu 1.621 náma ófrágengin og að Vegagerðin sé að hluta til eða að öllu leyti ábyrg fyrir frágangi á 1.103 námaum. Vegagerðin stefnir að því að ljúka við frágang eldri efnisnáma, þar sem stofnunin ber ábyrgð á frágangi, á næstu 15 árum og er í skýrslunni birt skrá yfir þær námur sem stefnt er að frágangi á. Ákveðið hefur verið að um 206 námur þurfi að standa opnar vegna viðhalds- og framtíðarverkefna. Það eru því um 897 námur sem Vegagerðin mun ganga frá á 15 árum. Verður því gengið frá um 60 efnisnámaum árlega.

Í meðfylgjandi töflum (Sjá fylgiskjal 1) er yfirlit yfir þær námur sem gengið var frá á árunum 2003 og 2004. Gerð er grein fyrir frágangi á eldri efnisnámaum en einnig frágangi á námaum samhliða framkvæmdum ársins. Vegna breytinga á skipuriti Vegagerðarinnar í byrjun árs 2004 er námum skipt eftir umdæmum árið 2003 en eftir svæðum árið 2004.

Á árinu 2003 var unnið við frágang á 77 námaum og lokið við allar nema eina (sjá töflu 1). Í tíu frágengnum námaum er efnishaugur. Af frágengnum námaum teljast 54 námur vera eldri námur en 23 vera námur sem gengið var frá eftir að efnistöku úr þeim lauk við verklok vegbygginga á árinu 2003.

Á árinu 2004 var unnið við frágang á 51 námaum og lokið við allar nema þrjár (sjá töflu 2). Í töflunni er ekki gerður greinarmunur á námum eftir aldri þeirra. Ákveðið var að hafa 4 skeringar með á þessum lista en almennt er ekki gerð grein fyrir frágangi skeringa í umhverfisskýrslu.

Reykjavík, 20. apríl 2005,  
Gunnar Bjarnason.

## Umhverfiskröfur í útboðsgögnum

Í janúar 2004 gaf Vegagerðin út, í samvinnu við verkfræðistofuna Línuhönnun, skýrsluna „Umhverfiskröfur í útboðsgögnum Vegagerðarinnar“. Skýrslan er samantekt á lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemi Vegagerðarinnar og verktaka á hennar vegum. Við gerð útboðsgagna er stuðst við ritið „Alútboð 95“ og „Drög að leiðbeiningum og gátlistum um hönnun vega og brúa“. Í þessum ritum er ekki fjallað um kröfur varðandi umhverfismál við vegarlagningu eða brúargerð. Þar er hins vegar vísað almennt til þess að verktakar uppfylli gildandi lög og reglugerðir. Þar sem margir koma að hönnun, framkvæmdum og eftirliti vega- og brúafamkvæmda er mikill fengur fyrir þessa aðila að hafa aðgengi að lista yfir lagalegar kröfur sem í gildi eru fyrir slíkar framkvæmdir á hverjum tíma. Skýrslan er því gagnleg viðbót við leiðbeiningarit-in. Skýrslan er mikilvægur þáttur í virkri umhverfisstjórnun hjá Vegagerðinni og hluti umhverfisstjórnun-arkerfis skv. alþjóðlega staðlinum ISO 14001.

Framtíðarverkefni Vegagerðarinnar er að viðhalda kröfulista og hafa hann aðgengilegan á heimasíðu sinni, [www.vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is). Þannig gætu allir sem að vega- og brúafamkvæmdum koma séð fljótt hvaða kröfur gilda fyrir slíka starfsemi. Auk þess gæti Vegagerðin útbúið leiðbeiningar um mikilvæga þætti sem hafa neikvæð áhrif á umhverfið. Hvað varðar stærri framkvæmdir á vegum Vegagerðarinnar er einnig eðlilegt að skilgreina sérstaklega umhverfisstefnu fyrir þau verkefni og gera sérstakar kröfur til verktaka varðandi frammistöðu í umhverfismálum sem hluta af þeim kröfum sem almennt eru gerðar til gæða vinnunnar. Umhverfisleg gæði vinnunnar eru mjög mikilvæg þar sem unnið er á viðkvæmum svæðum úti í náttúrunni.

## Umhverfisviðurkenningar

Á árinu 2003 veitti Vegagerðin viðurkenningu fyrir besta mannvirkni úr hópi umferðar-mannvirkja og landmótunarverkefna sem lokið var á árunum 1999-2001. Var Vatnaleið á Snæfellsnesi valin af dómnefnd úr hópi nítján verkefna sem umhverfisnefndir Vegagerðarinnar tilnefndu. Önnur verkefni sem þóttu bera af voru Reykhólasveitarvegur (tveir kaflar), Tindastólsvegur og Norðausturvegur um vestanvert Tjörnes.

Verkefnið var tilraunaverkefni en tilgangur þess var að efla vitund um útlit og frágang mannvirkja meðal starfsmanna og verktaka Vegagerðarinnar og stuðla að umræðu þar um. Dómnefndin nefnir í greinargerð<sup>2</sup> sinni að í störfum sínum hafi hún fundið að áhugi sé fyrir þessu máli meðal starfsmanna Vegagerðarinnar.



Vegagerðin hefur ákveðið að halda áfram með þetta tilraunaverkefni og hefur óskað eftir tilnefningum frá umhverfisnefndum fyrir 15. júlí 2005, fyrir verkefni sem lokið var við á árunum 2002-2004. Vonast er til að veiting viðurkenningarinnar hvetji Vegagerðarfólk til að leggja sig fram við hönnun, gerð og frágang mannvirkja.

## Áningarstaðir

Áningarstaðir Vegagerðarinnar eru nú hátt á annaðhundrað talsins, ýmist útskot, áningarstaðir með búnaði eða áningarstaðir með salerni. Staðsetningu og tegund áningarstaða er hægt að sjá á heimasíðu Vegagerðarinnar: Ferðaupplýsingar/Leiða- og ferðaþjónustukort/Áningarstaðir.

Umhverfisnefnd Vesturlands leggur í skýrslu sinni áherslu á að haldið sé áfram á þeirri braut að gera huggulega áningarstaði með vegum landsins og að þeir séu með nauðsynlegum búnaði og snyrtilegir.

Við áframhaldandi frágang á námum landsins mætti hafa í huga að þar sem opnur eru í áhugaverð jarðlög mætti í sumum tilfellum útbúa skjólgóða og jarðfræðilega áhugaverða áningarstaði með fræðslu-efni.

2 Viðurkenning Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang mannvirkja sem lokið var við á árunum 1999-2001: Greinargerð dómnefndar. Október 2003.

## Aflagðar brýr

Umhverfisnefndir Vesturlands og Austurlands benda á í skýrslum sínum að þörf sé á að fjarlægja aflagðar brýr nema þær þjóni einhverjum tilgangi.

Út úr brúaskrá framkvæmdaeyðdar hafa verið dregnar saman upplýsingar um aflagðar brýr á vegakerfinu. Á landinu eru nú 218 brýr sem hafa verið aflagðar og áætlað er að rífa einhverjar þeirra á næstu árum. Ekki hefur verið gert ráð fyrir sérstökum fjárveitingum til verksins. Í fylgiskjali 2 er listi yfir aflagðar brýr á landinu ásamt vegheitum og vegnúmerum frá þeim tíma þegar brýrnar voru aflagðar.

Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um örlög þessara aflögðu brúa. Fyrsta skrefið er að fullvinna skrá yfir það hvaða brýr skuli friða, afsala öðrum, t.d. fyrir reið- og gönguleiðir, og hverjar skuli rífa. Vinna við slíka skrá þarf að vera samvinnuverkefni milli svæðisskrifstofa Vegagerðarinnar, framkvæmdaeyðdar áætlana- og umhverfiseyðdar, umhverfisnefnda og minjavarðar Vegagerðarinnar.



Gilsá á Völlum 1999.

## Mat á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun úrskurðaði um mat á umhverfisáhrifum eftirtalinna framkvæmda:

Framkvæmd 2004	Úrskurður Skipulagsst. dags.-niðurstaða	Úrskurður kærður?	Athugasemdir
Sundabraut, 1. áfangi, þverun Kleppsvíkur í Reykjavík	19.11.2004 Fallist á framkvæmd með skilyrðum	Já	Reykjavíkurborg er framkvæmdaraðili ásamt Vegagerðinni
Gjábakkavegur (365) milli Þingvalla og Laugarvatns, Bláskógabyggð	11.11.2004 Fallist á framkvæmd með skilyrðum	Já	
Suðurstrandarvegur milli Grindavíkur og Þorlákshafnar	26.05.2004 Fallist á framkvæmd með skilyrðum. Lagst gegn framkvæmdakosti að hluta	Nei	
Útnesvegur nr. 574 um Klifhaun, Gröf - Arnarstapi, Snæfellsbæ	05.05.2004 Fallist á framkvæmd með skilyrði	Nei	
Tvöföldun Vesturlandsvegar frá Víkurvegi í Reykjavík að Skarhólabraut í Mosfellsbæ	09.01.2004 Fallist á framkvæmd með skilyrði	Nei	



## Fylgiskjal 1

## Námufrágangur

Tafla 1

Frágangur efnisnáma 2003, flokkað eftir umdæmum

Taflan gefur yfirlit yfir frágang á bæði eldri námum og nýjum námum.

Umdæmi	Námuheiti	Námunr.	Aldur námu Gömul/Ný	Staða frágangs	
				Frágengin	Hálffrág.
Suðurland	Hólanáma við Kjalveg	3351102	G	X(haugur)	
	Urriðafoss	3020102	G	X	
	Galtalækjarnáma (Ásakot)	3590101	G	X	
	Bergsstaðir	Ekki skráð	G	X	
	Klifandi v/ Suðurlandsveg	2011502	G	X	
	Súluholtsnáma	óskráð	N	X	
Reykjanes	Enginn frágangur 2003				
Vesturland	Ofan Þjófakletta	5010404	G	X	
	Sunnan v/ brú á Bjarnadalsá	5600105	G	X	
	Merkjahryggur	5600109	G	X	
	Álfatraðir	5570205	G	X	
	Mýrdalur	5550101	G	X	
	Bílduhólsás austan vegar	5550206	G	X (haugur)	
Fíflholt	5540306	G	X (haugur)		
Vestfirðir	Þernuvík	6610905	G	X	
	Búðarnes	6610906	G	X	
	Hjarðardalsá innan Þernuvíkur	6610907	G	X	
	Ógurnes kambur ofan vegar	6611002	G	X	
	Grundin utan Rauðabergs/Ögurh.	6611006	G	X	
	Digranes m/ Þernuv. og Mjóafj.	6610909	G	X	
Gilseyri	6611101	G	X		
Norðurland vestra	Galtarnesnáma	7010601	G	X	
	Móamelanáma	7110702	G	X	
	Höfn – Hamarsá	7110201	G	X	
	Þórsárnáma	7110403	G	X	
	Tjarnarnáma	7110405	G	X	
	Hindisvíkurnáma	7110406	G	X (haugur)	
	Krossanesnáma 2	7110409	G	X	
	Saurbæjarnáma	7110407	G	X	
Krossanesnáma	7110408	G	X (haugur)		
Norðurland eystra	Vestmannsvatn (að norðan)	8450105	G	X	
	Laugasel við Mávavatn	8011904	G	X	
	Ytri-Selbunga, Mývatnssveit	8011906	G	X	
	Jökulsá á Fjöllum	8012601	G	X (haugur)	
	Jökulsá – Víðidalur B1	8012620	G	X (haugur)	
	Hrossaborgamelar	8012505	G	X	
	Í landi Hólssels ca. stöð 10330	Óskráð	G	X	
	Við Hólshjallaveg ca. stöð 1130	Óskráð	G	X	
	Við Öskjuveg (norðan Hrossab.)	Óskráð	G	X	
	Brimnes	Óskráð	G	X	
	Læknesstaðir	Óskráð	G	X	
	Karl	Óskráð	G	X	
	Skoruvík	Óskráð	G	X	

Umdæmi	Námuheiti	Námunr.	Aldur námu Gömul/Ný	Staða frágangs	
				Frágengin	Hálffrág.
	Skálar	Óskráð	G	X	
	Fontur	Óskráð	G	X	
	Hólkot	8450106	G	X (haugur)	
	Náma (skering) við ca. stöð 6300	Óskráð 1q9			
	Nónskarðsás	8011907	G	X	
	Stóri-Hamar – Bringa	8290207	N	X	
	Máskot	8011910	N	X (haugur)	
	Sævarland	8852413	G	X (haugur)	
	Geitafell	8870305	N	X	
	Tungunáma í Svarfaðardal	8060103	G	X	
<b>Austurland</b>	Klaustursel	Óskráð- 923	G	X	
	Norðan Hákonarstaða neðan vegar	Óskráð- 923	N	X	
	Svelgsá	9010803	G	X	
	Hvanná 2, norðan fjárhúsa	Óskráð- 1-S8	N	X	
	Hvanná 2, melur	Óskráð- 1-S8	N	X	
	Hvanná 1, austan fjárhúsa	Óskráð- 1-S8	N	X	
	Deild	9010905	N	X	
	Hrólfstaðir	9010903	G		X
	Ekra í Fellum	9310202	G	X	
	Grjótá v.Sómastaði	9920703	N	X	
	Djúpadalsá	9012109	G	X	
	Breiðdalsá norðan v/ Ásunnarstaði	1-V9	N	X	
	Haukstaðahóll	9010901	N		
	Breiðdalsá innan v/ Hól	9011909	N	X	
	Breiðdalsá utan v/ Hól. Ásgarður	9011902	N	X	
	Breiðdalsá við Innri Kleif	9011901	N	X	
	Þrívörðumelur	9012002	N	X	
	Melrakkane	9012801	N	X	
	Stekká	9012902	N	X	
	Blábjörg	9012903	N	X	
	Krákhamar	9012904	N	X	
	Geithellnaá	9012901	N	X	
	Náma B 2	9014408	N	X	
	Reiðhall	9853102	N	X	



## Fylgiskjal 2

**Aflagðar brýr**

Listi yfir aflagðar brýr skv. brúaskrá Vegagerðarinnar í febrúar 2005. Búast má við að villur séu í skránni og eru notendur beðnir um að koma leiðréttingum til framkvæmdadeildar Vegagerðarinnar.

Brúarheiti	Byggð (ár)	Lengd brúar (m)	Vegheiti <sup>3</sup>	Lands- hluti	Veg- númer <sup>4</sup>
Djúpá	1951	12,13	Hringvegur	Suðurland	1
Djúpá	1951	31,85	Hringvegur	Suðurland	1
Hvamsá í Mýrdal	1970	14,02	Hringvegur	Suðurland	1
Klifandi	1962	103,5	Hringvegur	Suðurland	1
Steinslækur - gamla brúin		19,3	Hringvegur	Suðurland	1
Þjórsá	1950	106,15	Hringvegur	Suðurland	1
Varmá - gamla brúin	1941	8	Hringvegur	Suðurland	1
Rauðá	1986	4	Hringvegur	NA-land	1
Klaufaskurður	1954	4	Hringvegur	NA-land	1
Bæjargróf	1954	4	Hringvegur	NA-land	1
Syðri-Vatnsleysa I	1956	6	Hringvegur	NA-land	1
Rangá í Hróarstungu	1922	22	Hringvegur	Austurland	1
Búðaá í Berufirði	1963	5	Hringvegur	Austurland	1
Fossá í Berufirði	1954	26	Hringvegur	Austurland	1
Lækur við Blómsturvell		4,1	Blómsturvallavegur	Suðurland	2009
Skaftá undan Heiði	1947	17	Holtsvegur	Suðurland	206
Grenlækur hjá Seglbúðum	1975	6	Seglbúðavegur	Suðurland	2106
Rimhúsaáll hjá Holti	1971	22	Holtsvegur	Suðurland	2354
Ræsi á Krossvegi	1958	4,6	Krossvegur	Suðurland	2455
Svínhagalækur	1964	7	Svínhagavegur	Suðurland	2753
Hróarholtslækur hjá Vola	1933	9,73	Villingaholtsvegur	Suðurland	305
Hróarholtslækur við Bár - gamla brúin			Gaulverjabæjarvegur	Suðurland	33
Hvamsá í Þjórsárdal	1965	9,5	Skríðufellsvegur	Suðurland	3343
Kaldá	1936	4,2	Þingvallavegur	Suðurland	36
Austurá hjá Bíldsfelli	1979	7	Bíldsfellsvegur	Suðurland	3690
Andalækur	1956	20	Laugarvatnsvegur	Suðurland	37
Ellidaá syðri (Dimma)		9,5	Ellidaavatnsvegur	Reykjanes	410
Ellidaá nyrðri (Bugða)		7,8	Ellidaavatnsvegur	Reykjanes	410
Laxá í Leirársveit hjá Eyri	1946	22	Eyrarvegur	Vesturland	5022
Reykjadalsá hjá Kletti	1949	31,9	Klettsvegur	Vesturland	5153
Litla-Fljót	1971	11,5	Hallkelsstaðavegur	Vesturland	5206
Flatnaá hjá Höfða	1966	16	Höfðavegur	Vesturland	5234
Slýá	1955	10	Snæfellsnesvegur	Vesturland	54
Hrafná	1956	6	Snæfellsnesvegur	Vesturland	54
Mávahlíðargil	1961	5	Traðarvegur	Vesturland	5707
Laugará í Hörðudal	1966	16	Seljalandsvegur	Vesturland	5818
Haukadalsá hjá Mjóabóli	1975	14	Mjóabólsvetur	Vesturland	5850
Miðdalsgil	1931	18	Vestfjarðavegur	Vesturland	60
Dragagil	1947	8	Vestfjarðavegur	Vesturland	60
Múlaá í Kollafirði	1955	24	Vestfjarðavegur	Vestfirðir	60
Valseyrará	1959	4	Vestfjarðavegur	Vestfirðir	60
Múlaá	1933	8	Garpsdalsvegur	Vestfirðir	602
Múlaá	1950	30	Djúpvvegur	Vestfirðir	61
Ós	1949	30,5	Djúpvvegur	Vestfirðir	61
Fossá	1950	21,7	Strandavegur	Vestfirðir	643
Vesturá hjá Kollafossi	1959	20	Skeggjastaðavegur	NV-land	7068
Laxá á Skaga	1957	12	Skagavegur	NV-land	745
Svarfaðardalsá	1949	17,2	Hæringsstaðavegur	NA-land	8010
Garðsá í Ólafsfirði	1923	8	Garðsvegur	NA-land	802
Svarfaðardalsá hjá Koti	1973	10	Kotsvegur	NA-land	8064
Þverá í Skíðadal	1934	5,65	Skíðadalsvetur	NA-land	807

3 Vegheiti sem var þegar brúin var aflögð.

4 Vegnúmer sem var þegar brúin var aflögð.

Brúarheiti	Byggð (ár)	Lengd brúar (m)	Vegheiti <sup>3</sup>	Lands- hluti	Veg- númer <sup>4</sup>
Skíðadalsá við Klængshól	1952	13,1	Skíðadalsvegur	NA-land	807
Hörgá	1953	43	Ólafsfjarðarvegur	NA-land	82
Fnjóská í Dalsmynni	1963	21,9	Grenivíkurvegur	NA-land	83
Grenjá á Grenivík	1957	8	Akurbakkavegur	NA-land	8450
Svalbarðsá	1945	31,7	Norðausturvegur	NA-land	85
Svartá í Bárðardal	1973	10,2	Víðikersvegur	NA-land	8717
Gautlandalækur hjá Heiði		8,1	Heiðarvegur	NA-land	8823
Naustá hjá Daðastöðum	1979	5,6	Daðastaðavegur	NA-land	8932
Þorvaldsstaða í Þistilfirði	1963	9,46	Fjallalækjarselsvegur	NA-land	8970
Sauðanesós á Langanesi	1936	20	Hlíðarvegur	NA-land	8998
Gilsá (Trölladalsá)	1981	22	Leirdalsheiðarvegur	NA-land	F839
Geysirófa	1951	8	Norðausturvegur	Austurland	85
Vesturá hjá Öskumel	1966	20	Ytri-Hlíðarvegur	Austurland	9130
Fögruhlíðará hjá Fögruhlíð	1961	20,15	Hlíðargarðsvegur	Austurland	9181
Geithúsaá	1954	10,4	Norðfjarðarvegur	Austurland	92
Grjótá	1973	4	Norðfjarðarvegur	Austurland	92
Norðfjarðará	1946	48	Norðfjarðarvegur	Austurland	92
Eyvindará	1919	16	Seyðisfjarðarvegur	Austurland	93
Fjarðará	1975	16	Seyðisfjarðarvegur	Austurland	93
Gilsá	1958	17	Fljótsdalsvegur	Austurland	933
Hurðarbaksá hjá Hreimsstöðum	1972	9,3	Hreimsstaðavegur	Austurland	9475
Selá í Norðfirði	1954	8	Seldalsvegur	Austurland	9515
Lækur vestan Stóru-Breiðavíkur		4	Helgustaðavegur	Austurland	954
Flugvallarlækur	1988	4	Flugvallarvegur	Austurland	955
Grundará í Fáskrúðsfirði	1957	8	Suðurfjarðavegur	Austurland	96
Hnausá hjá Þorvaldsstöðum	1985	6,5	Norðurðalsvegur í Breiðdal	Austurland	962
Eyjaá í Breiðdal	1949	8	Krossvegur	Austurland	9643
Krossdalsá í Breiðdal	1949	8	Krossvegur	Austurland	9643
Illagil	1934	27	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Fagradalslækur	1942	11	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Hólsvísl í Landeyjum	1955	14,7	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Fitjaráll hjá Heimalandi	1986	8	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Eldvatn hjá Stóra-Hvammi	1933	30	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Eystri-Rangá hjá Keldum	1964	25,5	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Efri-Hamralækur í Holtum		0	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Skaftá hjá Skál	1958	19,5	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Rás úr Skaftá		4,65	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Hönlulækur	1978	4	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Hleypilækur	1978	4	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Skurður hjá Krossi	1987	8	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Hólmalæna	1953	12,1	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Merkjaá í Fljótshlíð	1940	9	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Þverárvötn hjá Þverá	1973	24	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Markarfljót á Krók	1987	9,5	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Álar	1953	6	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Markarfljót	1933	242	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Hróarslækur (Varmadalsslækur)	1943	22	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Heylækur í Fljótshlíð		4	Utan vegakerfis	Suðurland	R290
Hróarsholtsslækur hjá Vola	1929	12,45	Utan vegakerfis	Suðurland	R390
Hróarsholtsslækur		8,15	Utan vegakerfis	Suðurland	R390
Búrfellsslækur	1934	10	Utan vegakerfis	Suðurland	R390
Baugsstaðasíki	1929	5,3	Utan vegakerfis	Suðurland	R390
Svartá á Kili	1950	13,4	Utan vegakerfis	Suðurland	R390
Kálfá á Stóra-Hofsvegi	1963	25,5	Utan vegakerfis	Suðurland	R390

3 Vegheiti sem var þegar brúin var aflögð.

4 Vegnúmer sem var þegar brúin var aflögð.

Brúarheiti	Byggð (ár)	Lengd brúar (m)	Vegheiti <sup>3</sup>	Lands- hluti	Veg- númer <sup>4</sup>
Pverá hjá Litla-Hálsi	1979	8	Utan vegakerfis	Suðurland	R390
Torfdalslækur		4	Utan vegakerfis	Reykjanes	R490
Bugða ofan Dælisár	1970	12,7	Utan vegakerfis	Reykjanes	R490
Móakotsá	1920	6,5	Utan vegakerfis	Reykjanes	R490
Sandsá hjá Sandi	1965	8	Utan vegakerfis	Reykjanes	R490
Setbergslækur		5,2	Utan vegakerfis	Reykjanes	R490
Svínadalsá í Kjós	1953	10	Utan vegakerfis	Reykjanes	R490
Kirkjufellsá	1955	7,95	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Galtarholtslækur		4,36	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Straumfjarðará	1929	36	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Laxá hjá Hellissandi	1941	25	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Álftá	1934	13	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Lækjarskógarlækur	1968	5	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Bugsgil	1941	6	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Fróðá	1937	21	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Fitjaá	1953	18	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Laxá	1930	35,3	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Skarðslækur	1948	7,02	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Svínadalsá	1949	7	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Grímsá	1929	9	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Búrfellsá neðri	1929	7	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Mjósund	1960	22	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Litlaá	1934	20,05	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Litla-Pverá hjá Hermundarstöðum	1958	13	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Tunguá	1947	9	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Fáskrúð	1928	10	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Brekkuá í Hvolsdal	1948	9	Utan vegakerfis	Vesturland	R590
Bæjará	1937	12	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Bæjará	1931	4	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Hvallátradalsá	1953	10	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Langá í Valþjófsdal	1974	4,8	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Lambadalsá í Dýrafirði	1953	22	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Sólbakkaá	1930	4	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Högná		7,51	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Langadalsá	1943	28	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Þorskafjarðará	1948	38	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Birgisá (Birgisdalsá)	1952	4,1	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Botnsá	1955	18	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Guðlaugsvíkurá	1937	26	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Miðdalsá	1934	28	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Ormsá	1929	22,3	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Selá í Hrutafirði	1929	22	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Selá í Steingrímsfirði	1948	42,72	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Hrófá	1958	6	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Ósá í Patreksfirði	1945	16	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Skeggjastaðagil	1960	8	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Hestá hjá Hesti	1945	9,5	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Þúfnaá í Vatnsfirði	1959	6	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Einfættingsgil			Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Ingólfsfjarðará	1970		Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Kjaransstaðaá	1949	6	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Vattardalsá	1930	30,4	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Langadalsá í Djúpi	1915	27	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Dalsá í Valþjófsdal	1968	6	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Sunnadalsá í Bjarnarfirði		5	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Kirkjubólssá í Dýrafirði	1976	7,5	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Korpa í Önundarfirði	1963	8,65	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Staðará í Grunnavík	1954	9,5	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690

3 Vegheiti sem var þegar brúin var aflögð.

4 Vegnúmer sem var þegar brúin var aflögð.

Brúarheiti	Byggð (ár)	Lengd brúar (m)	Vegheiti <sup>3</sup>	Lands- hluti	Veg- númer <sup>4</sup>
Geiradalsá	1931	16	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Hjallaá í Þorskafirði	1953	4	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Múlaá í Þorgeirdal	1953	8	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Botnsá í Súgandafirði	1969	6	Utan vegakerfis	Vestfirðir	R690
Héraðsvötn á Grundarstokk	1926	130,9	Utan vegakerfis	NV-land	R790
Hjaltadalsá	1953	23	Utan vegakerfis	NV-land	R790
Helluá	1953	6	Utan vegakerfis	NV-land	R790
Kolbeinsdalsá	1931	20	Utan vegakerfis	NV-land	R790
Úlfsstaðagil	1972	10,05	Utan vegakerfis	NV-land	R790
Reiðgil á Öxnadalsheiði	1946	13,95	Utan vegakerfis	NV-land	R790
Hlíðará hjá Þverárdal	1961	14	Utan vegakerfis	NV-land	R790
Selá á Skaga	1929	11,6	Utan vegakerfis	NV-land	R790
Gljúfurá	1951	20	Utan vegakerfis	NV-land	R790
Katadalsá á Vatnsnesi	1968	11	Utan vegakerfis	NV-land	R790
Guðdalsá í Hlíðardal	1961	5	Utan vegakerfis	NV-land	R790
Bergá í Víðidal	1992	9,5	Utan vegakerfis	NV-land	R790
Austurá hjá Skárastöðum	1972	25	Utan vegakerfis	NV-land	R790
Bóluá	1938	8	Utan vegakerfis	NV-land	R790
Öxnadalsá	1960	29,95	Utan vegakerfis	NA-land	R890
Leikskálaá (Skálaá)	1966	9	Utan vegakerfis	NA-land	R890
Gljúfurá	1930	13,04	Utan vegakerfis	NA-land	R890
Laxá í Þistilfirði	1930	6,6	Utan vegakerfis	NA-land	R890
Öxnadalsá hjá Bægisá	1931	21,4	Utan vegakerfis	NA-land	R890
Þverá í Öxnadal	1922	7,96	Utan vegakerfis	NA-land	R890
Gunnólfsá á Kleifum	1986		Utan vegakerfis	NA-land	R890
Hafralónsá	1930	57	Utan vegakerfis	NA-land	R890
Öxnadalsá hjá Hálsi	1942	19,3	Utan vegakerfis	NA-land	R890
Þverá	1926	15	Utan vegakerfis	NA-land	R890
Helluvaðsá hjá Helluvaði	1973	8	Utan vegakerfis	NA-land	R890
Víðinesá hjá Völlum	1971	7	Utan vegakerfis	NA-land	R890
Hafrá í Hörgárdal	1957	29,7	Utan vegakerfis	NA-land	R890
Eyjafjarðará við Ytra-Gil	1977	150	Utan vegakerfis	NA-land	R890
Stemma í Suðursveit	1954	31,72	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Starmýrará	1965	5	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Knarará	1953	6	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Tinnudalsá	1925	14,85	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Selá	1952	4	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Flugvallarlækur á Norðfirði		4	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Selá	1927	51,9	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Sauða við Sleðbrjótssel		7,7	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Bótarlækur í Hróarstungum	1948	5,7	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Selá á Lónsheiði	1958	16	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Heinabergsvötn	1948	38	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Gilá á Lónsheiði	1957	4,03	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Eyvindará á Jökuldal innri	1971	20	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Traðargil á Lónsheiði	1951	30,75	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Hoffelsá við Skógey	1990	29,7	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Unalækur við Gilsárteig	1971	5	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Hákonará í Álftafirði	1965	5	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Flöguá í Breiðdal	1981	9	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Borgarlækur í Álftafirði	1970	5	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Tóará í Bakkafirði	1950	5	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Sellækur í Bakkafirði	1968	7	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Bótarlækur í Hróarstungu	1968	5	Utan vegakerfis	Austurland	R990
Staðará hjá Kóreksstöðum	1967	9,5	Utan vegakerfis	Austurland	R990

3 Vegheiti sem var þegar brúin var aflögð.

4 Vegnúmer sem var þegar brúin var aflögð.

## Fylgiskjal 3

**Sjálfbær þróun**

Yfirlýsing forsætisráðherra Norðurlandanna um sjálfbæra þróun

Í nóvember 1998 samþykktu forsætisráðherrarnorðurlandanna og pólitískir leiðtogar sjálfstjórnarsvæðanna yfirlýsingu um sjálfbær Norðurlönd. Sjálfstjórnarsvæðin Álandseyjar, Færeyjar og Grænland teljast einnig til Norðurlandanna í áætluninni.

**„Sjálfbær Norðurlönd“**

Ósló, 9. nóvember 1998.

**Við, forsætisráðherrarnorðurlandanna, Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, lögmaður Færeyinga, formaður landsstjórnar Grænlands og oddviti landsstjórnarinnar á Álandseyjum erum sammála um að vinnan að sjálfbærri þróun sé eitt mikilvægasta verkefnið í upphafi fyrstu aldar þriðja árbúsundsins.**

**Við erum sammála um mikilvægi hins nýja Amsterdamsáttmála og niðurstöðu af fundi Evrópuráðsins í Cardiff í júní 1998 um sjálfbæra þróun í Evrópusambandinu, starfs sem miðar að „Norðlægri vídd“ í stefnu Evrópusambandsins, Dagskrár 21 fyrir Eystrasaltssvæðið (Baltic 21), starfsins í AEPS (nú Norðurskautsráðið), Barentsyfirlýsingarinnar og samvinnu sem fylgir í kjölfar sameiginlegrar yfirlýsingar okkar í Björgvin um sjálfbæran orkubúskap við Eystrasalt.**

**Við erum sammála um að eftirfarandi markmið eigi að hafa að leiðarljósi við þróun sjálfbærra Norðurlanda og sjálfbæra þróun á grannsvæðum okkar:**

1. Tryggja skal núlifandi og komandi kynslóðum öruggt og heilbrigt líf.
2. Sjálfbært samfélag verður að byggja á lýðræði, gagnsæi og þátttöku í stað- og svæðisbundnu samstarfi og samstarfi ríkja í milli.
3. Varðveita skal líffræðilega fjölbreytni og framlegð vistkerfa.
4. Losun á mengandi efnum sem berast í loft, jörð og vatn má ekki ofbjóða þolmörkum náttúrunnar.
5. Nýta verður endurnýjanlegar auðlindir og vernda þær markvisst innan ramma endurnýjunargetu þeirra.
6. Óendurnýjanlegar auðlindir á að nýta þannig að náttúruleg hringrás haldist og þróa skal og styðja endurnýjanlega valkosti.
7. Skapa verður sterka vitund í samfélaginu um ráðstafanir og ferli sem leiða til sjálfbærrar þróunar.
8. Áfram ber að vinna að því að samþætta grundvallarreglur sjálfbærrar þróunar í starfi allra geirasamfélagsins.
9. Vekja ber athygli á hlutverki frumbyggja í því að koma á sjálfbærri þróun.
10. Stefna skal að því að efni sem eru framandi í umhverfinu og skaðleg mönnum og náttúrunni verði ekki til staðar í framtíðinni.
11. Nauðsynleg nýsköpun á að hvetja til markvissari notkunar orku og náttúruauðlinda.

**Við felum** Norrænu ráðherranefndinni, með ofangreind markmið að leiðarljósi, að móta áætlun um sjálfbæra þróun á Norðurlöndunum og grannsvæðum þeirra, sem nær til margra samstarfssviða. Leggja ber áherslu á svið þar sem Norðurlöndin eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, þar sem þau hafa sérlega góðar forsendur til að leggja sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunar og norrænt samstarf skapar virðisauka.

Vinnunni skal vera lokið árið 2000.

**Stefnumörkun íslenskra stjórnvalda**

Umhverfisráðuneytið gaf út skýrsluna, Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, í ágúst 2002. Hún inniheldur stefnumörkun íslenskra stjórnvalda á sviði sjálfbærrar þróunar til ársins 2020.